


Akureyri, 10. mars 2016

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis **frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (uppbygging ferðamannastaða), 219. mál.**

Stjórn Eyþings fagnar því að um beinan tekjustofn til sveitarfélaga sé að ræða. Stjórn Eyþings gagnrýnir hins vegar að leyfisgjaldið eigi eingöngu að renna til uppbyggingar ferðapjónustuinnviða. Með fjölgun ferðamanna reynir einnig á aðra innviði, s.s. sorphirðu, sem nauðsynlegt er að sveitarfélög hafi svigrúm til að viðhalda. Að mati stjórnar Eyþings er eðlilegt að sveitarfélög ættu þess kost að greiða þann kostnað sem hlýst af umsýslu vegna leyfisveitingana sem og eftirlit á ferðamannastöðum af leyfisgjaldinu. Stjórn Eyþings telur eðlilegt að gjaldtaka miðist við uppbyggingu og veitta þjónustu á ferðamannastöðunum og sé háð leyfi viðkomandi sveitarfélags. Stjórnin tekur því undir grunnhugmynd frumvarpsins en getur ekki mælt með því óbreyttu.

F.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónsson  
framkvæmdastjóri